


LISTIR

Skáldlegur raunveruleiki

Ráðhildur Ingadóttir og Biogen taka við veggnum góða á Kjarvalsstöðum af Katrínu Sigurðardóttur í dag. Orri Páll Ormarsson kynnti sér hvað verið er að bauka á safninu.



Morgunblaðið/Jim Smart

Snjókorn falla. Katrín Sigurðardóttir myndlistarmaður leggur loka-hönd á verk sitt á veggnum breytilega í miðrymi Kjarvalsstaða.

Við sjáum er mín mynd af því sem er utan safnsins, ekki endilega eins og ég sé það, heldur eins og ég fönðra það.“

Hér er Katrín sjálfri sér samkvæm en hún kveðst yfirleitt vinna út frá minni af stöðum – ekki eftir myndum eða teikningum. „Ég leyfi mér mikinn skáldskap í módelmiðinni. Þessi skáldskapur er ekki úthugsaður, heldur eins og niðurstöður tilrauna. Það er alltaf klippt á raunveruleikapráðinn einhvers staðar.“

– *Þetta er þá einskona skáldlegur raunveruleiki?*

„Já, eitthvað í þá áttina.“

Katrín hefur unnið verkið fyrir opnum dyrum á Kjarvalsstöðum, komið sér þar upp vinnustofu. Segir hún það hafa verið skemmtilega reynslu.

„Það hefur verið gaman að vinna þetta innan um fólk. Mér þykir alls ekki óþægilegt að hlusta á fólk viðra skoðanir sínar. Verkið var að visu mjög tímafrekt og fyrir vikið hafði ég kannski ekki eins mikinn

tíma til að ræða við gesti um framvindu mála og ég hefði viljað. Vann eiginlega í akkorði á löngum köflum með vasadiskó í eyrum til að hafa næði.“


Listakonunni þykir sérstaklega skemmtilegt að hafa fengið tækifæri til að gera þetta á Kjarvalsstöðum. „Það er ekki hægt að hugsa sér betri vinnustað, hér er hjart, kyrrt og fallett útsýni.“

Í ljós kemur að hún er raunar ekki alveg hlutlaus. „Ég er alin upp í Lönguhlíðinni og bý ennþá í hverfinu sem kortið á sýningunni nær yfir. Það er því persónulegur sjálfsævisögustrengur í þessu líka. Ég tengi mig betur við þennan stað en nokkurn annan í heiminum.“

Óendanlegt rými

Við veggnum af Katrínu tekur Ráðhildur Ingadóttir og hefur hún fengið til liðs við sig tónlistarmanninn Biogen. Saman ætla þau að skapa óendanlegt rými.

Ráðhildur hyggst skipta vegg-



Biogen og Ráðhildur Ingadóttir búa sig undir átökin.

um í tvennt með fleygboga. Fleygbogaflöturinn verður bleikur en hinn hlutinn grænbrúnn. Á bleika fletinum verða dagdraumar í formi teikninga en grænbrúni flöturinn verður notaður fyrir hugmyndir sem kunna að koma upp á tímabilinu.

Ráðhildur og Biogen hafa ekki unnið saman í annan tíma en þeim mun meira hvort í sínu lagi, eins og Ráðhildur orðar það svo skemmtilega. „Ég heyrði tónlist hans fyrst þegar ég var að sýna í galleríi One o one nýverið og fannst hún eiga vel við sýninguna. Þess vegna hafði ég samband við hann. Mér fannst líka nauðsynlegt að hafa félagsskap hérna á Kjarvalsstöðum, fá inn

nýja vídd, láta ekki vegginn verða byrði,“ segir hún.

Biogen hefur lítið fengið við myndlist ef undan er skilið veggjakrot á árum áður. Hefur hann nú látið af því. Samstarfið leggst hins vegar vel í hann en ætlunin er að semja tónlistina að mestu á staðnum, „sjá hvernig hann smítar“, eins og listamaðurinn orðar það.

Biogen heyrir til flokki tölvutónlistarmanna og hefur sent frá sér nokkrar tölftómmu plötur og eina stóra geislaplötu, sem fyrirtæki í Þýskalandi gaf út. Skyldi hann þá vera með annan fótinn erlendis?

„Nei, ekki ennþá. Ég er aftur á móti með annan fótinn í draumheimun!“

TÓNLIST

Salurinn

KAMMERTÓNLEIKAR

Spænsk, þýsk, ítölsk og ensk endurreisnarlög; 4 þjóðlagatúsetningar eftir Britten; Isang Yun: The Visitor of the Idyll; Hans Martin Linde: Music for a Bird; Sveinn Lúðvík Björnsson: Kyrra (1989); Prot (frumfl.); Atli Heimir Sveinsson: Bagatellur (feb. 2000). Contrasti tónlistarhópurinn (Marta G. Halldórsdóttir sópran; Camilla Söderberg, blokkflautur; Snorri Ö. Snorrason, lúta og gítar; Steef van Oosterhout, slagverk; Ólöf S. Óskarsdóttir, selló/bassagamba; Hildigunnur Halldórsdóttir, fiðla/tenórgamba). Þriðjudaginn 14. marz kl. 20:30.

„ANDSTÆÐUR“ útleggst ítalska nafnið á nýjum hljómlistarsettum sem kvaddi sér hljóðs í fyrsta sinn í Salnum á þriðjudagskvöldið var. Aðsóknin var dræmari en vænta mátti, miðað við þann aukna áhuga á forntónlist sem vart hefur orðið við á seinni árum hjá ekki sízt yngri fólki.

Eitt af því sem heillar hávaðamengaðar nútímahlustir við tónlist fyrri alda, sérstaklega frá því fyrir tíma stórra hljómsveita, er kyrrðin. Það þarf ekki sérstakan fortíðar-næmleika til að heillast af serkneskulega melismuflúrinu í Harm-söng Tristans frá 14. öld úr einmanna blokkflautu (þótt ekki saki hann

Að fornu og nýju

heldur), hvað þá próf í miðaldabýzku til að kunna að meta hinn fimm alda gamla ástarsöng „Elslein, liebste Elslein“ úr Glogau ljóðabókinni. Og þó að hlustendur færðust skyndilega 500 ár fram í tíma í næstu andrá með „Kyrru“ fyrir einleiksfiðlu, var munurinn í sjálfu sér furðulítil, því þrátt fyrir gjörólíkt tónmál fann maður svipaða tilfinningatjáningu undir niðri og í miðaldamúsikinni í mælsku örverki Sveins Lúðvíks Björnssonar frá 1989 í lifflegri túlkun Hildigunnar Halldórsdóttur.

„Drottning hljóðfæranna“, eins og lútan var eitt sinn kölluð, átti sitt blómaskeið á 16. og 17. öld og gegndi þar svipuðu undirstöðuhlutverki með söng og pianóið síðar. Það er ekki hávært hljóðfæri, sízt í flægum höndum Snorra Arnar Snorrasonar, og sambúðin við trompet-skæran sópran Mörtu Guðrúnar Halldórsdóttur í „Blame not my lute“ [sic!] og seinni lútasöngvum dagskrár því nokkrum vandkvæðum bundin, þó að bæði færu smekklega með. Svo stiklað sé á stóru úr á 3. tug laga bar að fyrsta hápunkti í snjallri meðferð Camilla Söderbergs á baryton[?]-blokkflautu á þætti úr Chinese Pictures eftir Isang Yung (d. 1995), The Visitor of the Idyll; ektu austrænni flugunar- og náttúrurómantik. Því miður var hvorki hér né annars staðar tekið fram

hvaða gerð blokkflautu væri notuð, þótt áætla mætti nokkurn veginn í sjón, enda öll fjölskyldan, frá kontrabassaafa niður í sópranínógrillinginn, uppstíllt á sviðinu í stærðarröð. Verra var, að dagskrárupp-lýsingar um höfunda og verk voru nánast engar, og þótt úr vöndu væri að ráða með þetta mörg og fjölskrúðug atriði við sibreytta áhöfn (sem var ekki tilgreind að heldur), hefði hljómlistarfólkið gjarna mátt sjá sóma sinn í því að koma fáeinum lágmarksstaðreyndum fyrir á að visu takmörkuðum prentfleti. Hafi ekki valdið tímaskortur eða handvömm, er óskiljanlegt hvers vegna það var ekki gert. Nema þá ef allt sem smakkar af sagnfræði sé nú talið fælandi á ungt fólk.

Eftir „Départé, départé“, bráðfallett carol-kent sönglag úr skozkri 16. aldar heimild eftir ókunnan höfund, frumflutti hópurinn „Prot?“ eftir Svein Lúðvík Björnsson. Miðað við ofurknappan skeytastíl höfundar í Kyrru var þetta þriðja verk algjör langhundur – heilar 5 mínútur – en vakti eigi að síður eftirtekt fyrir persónu-lega (er þorandi að segja frumlega?) meðferð hljóma og raddfærslu á sérlega gegnsæju tónmáli, sem í glimrandi flutningi Contrasti líktist fáu ef nokkru af því sem maður hafði áður heyrð.

Í Tres morillas (sp., 16. ö.) fengu menn að heyrna söng fiðluleikarans á móti Mörtu Guðrúnu, sem og síðar í lagi eftir Juan del Encina, hvortveggja úr gersemakistu Cancionero del Palacio handritsins, og kom það mjög vel út. Hér mátti og heyrna smekklegan tambúrínslátt slagverkarans, þó að rammatrommusláttur hans í öðrum lögum (á írsku bodhrán að virtist) væri oft of flókin og hefði átt að halda sig meir við grunntakt, í stað þess að eltast við synkópur og hemíólur einstakra spíllradda.

Ensku þjóðlögín fjögur í útsetningum Britten fyrir söng og gítar voru bráðskemmtileg í ágætum flutningi Mörtu og Snorra. Gítarinn virtist samt stöku sinni hafa mátt taka aðeins meira á í styrk, ekki sízt í síðasta lagi, Sailor boy, er jaðraði við djass í skoppandi gönguhrynjandi sinni.

Eftir athyglivert tilbrigðlag úr Glogau söngbókinni í 6/8 og kurt-eisan franskán ástar-chanson eftir Sermisy í tvískiptri „orkestrun“ (að visu svolítið truflað af eirðarlausu trommumynztri) blés Camilla „Music for a Bird“, nútíma einleiksverk eftir forntónlistarfræðinginn Hans Martin Linde á alt[?]-blokkflautu af mikilli snilld. Síðustu endurreisnarverk dagskrár, 3 sönglög eftir Busnois, Espinosa og Encina heppnuðust

með ágætum, og féll hnarreist rödd Mörtu Guðrúnar einkar vel að víga-legu stolti spænsku laganna.

Tónleikunum lauk með frumflutningi „Bagatella“ eftir Atla Heimi Sveinsson, fjórþættu verki upp á tæpar 10 mínútur, þar sem slagverksmaðurinn brá sér m.a. á víbrafón og, undir lokin, á sneriltrommu. Kennði margra grasa í þessu fjölbreytta verki, sem notfærði sér hljóðfæraförða hópsins dável, þ. á m. bæði gömburnar tvær og síðar fiðlu og selló hjá sömu spílurum, að ógleymdu draugalegu tuldri kontrabassablokkflautunnar mannháa. Var víða farið um rúm og tíma. Á einum stað svo langt aftur að jaðraði við tónmál endurreisnar, á öðrum (gerr undirstrikað með notkun slagtrjáa) austur um hálfan hnött að anda japanskrar Zen-flugunar, og einnig kom til sérkennilegs „sam-söngs“ blokkflautu og sóprans í samstígu þrúndum. Áhrifamest var lokabagatellan, sem teymdi saman fornt og nýtt með dáleiðandi samstígru raddfærslu í jöfnum lengdargildum, rofið af upphöfnum tam-tam höggum.

Verkið var flutt af mikilli natni, og þótt blániðurlagið verkaði svolítið úr lausu lofti, var heildarsvipur þess heillandi ferskur og blessunarlega laus við langdrægar lopateygingar. Svo vill enda stundum verða, þegar nútímahöfundum tekst að slaka hæfilega á og láta ímyndunargamm-inn geysa, og mætti að skaðlausu gerast oftar.

Ríkarður Ö. Pálsson